

AUGLÝSING
um bókun milli Íslands og Rússlands um framkvæmd
endurviðtökusamnings milli ríkjanna frá árinu 2008.

Hinn 5. apríl 2016 var í Moskvu gerð bókun milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um framkvæmd samnings milli ríkjanna um endurviðtöku frá 23. september 2008. Bókunin öðlaðist gildi 5. ágúst 2020 og er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 23. september 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.**BÓKUN UM FRAMKVÆMD****gerð milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins
um framkvæmd samningsins
milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins
um endurviðtöku frá 23. september 2008.**

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins, hér á eftir nefndar „samningsaðilarnir“,

sem vilja skapa nauðsynleg skilyrði til þess að unnt sé að framkvæma samninginn milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um endurviðtöku frá 23. september 2008, hér á eftir nefndur „samningurinn“,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.*Lögbær stjórnvöld.*

1. Þau lögbæru stjórnvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd samningsins eru:
hjá hinum rússneska samningsaðila:
miðlægt, lögbært stjórnvald – Fólksflutningastofnun alríkisins,
lögbær stjórnvöld:
utanríkisráðuneyti Rússneska sambandsríkisins og
alríkisöryggisþjónusta Rússneska sambandsríkisins,
hjá hinum íslenska samningsaðila:
miðlægt, lögbært stjórnvald – Alþjóðadeild embættis ríkislögreglustjóra,
lögbært stjórnvald – Útlendingastofnun.
2. Samningsaðilarnir skulu tilkynna hvor öðrum, án tafar og eftir diplómátskum leiðum, um allar breytingar sem verða viðvíkjandi lögbærum stjórnvöldum er um getur í 1. mgr. þessarar greinar.
3. Viðkomandi miðlægt, lögbært stjórnvöld skulu vinna saman milliliðalaust að því að beita ákvæðum samningsins og þessarar bókuar um framkvæmd.
4. Til þess að bókun þessi um framkvæmd megi koma til framkvæmda skulu viðkomandi miðlægt, lögbært stjórnvöld tilkynna hvort öðru, eftir diplómátskum leiðum, um upplýsingar um tengiliði, innan 30 almanaksdaga frá þeim degi þegar bókun þessi um framkvæmd er undirrituð.
Enn fremur skulu viðkomandi miðlægt, lögbært stjórnvöld tilkynna hvort öðru, án tafar, milliliðalaust og skriflega, um allar breytingar sem verða á upplýsingum um tengiliði.

2. gr.*Beiðni um endurviðtöku lögð fram og svar við þeirri beiðni.*

1. Miðlægt, lögbært stjórnvald samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, skal senda miðlægu, lögbæru stjórnvaldi samningsaðilans, sem beiðni er beint til, endurviðtökubeiðni, sem tekin er saman skv. ákvæðum 7. gr., í pósti eða með boðbera, innan þeirra tímamarka er um getur í 1. mgr. 11. gr. samningsins.
2. Miðlægt, lögbært stjórnvald samningsaðilans, sem beiðni er beint til, skal senda miðlægu, lögbæru stjórnvaldi samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, svar við endurviðtökubeiðninni í pósti eða með boðbera og samtímis eftir tæknilegum leiðum til upplýsingasendinga innan þeirra tímamarka er um getur í 2. mgr. 11. gr. samningsins.

3. gr.*Önnur skjöl.*

1. Telji samningsaðilinn, sem leggur fram beiðni, að önnur skjöl, sem eru ekki talin upp í 2. til 5. viðauka við samninginn, kunni að vera mikilvæg til þess að staðfesta ríkisfang þess einstaklings sem taka á við aftur eða til þess að sýna fram á forsendur fyrir endurviðtöku ríkisborgara þriðja

lands eða ríkisfangslausra einstaklinga, er þá heimilt að láta fyrrnefnd skjöl fylgja þeirri endurviðtökubeiðni sem er send miðlægu, lögbæru stjórnvaldi þess samningsaðila sem beiðni er beint til.

2. Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, hefur rétt til þess að ákveða hvort heimilt sé að taka tillit til þeirra skjala er um getur í 1. mgr. þessarar greinar þegar vinnsla endurviðtökubeiðinnar fer fram.

4. gr.

Viðtöl.

1. Geti samningsaðilinn, sem leggur fram beiðni, ekki lagt fram þau skjöl sem talin eru upp í 2. og 3. viðauka við samninginn, skal samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, ræða við þann einstakling sem taka á við aftur, að fram kominni þeirri beiðni er um getur í málsgrein „D“ í endurviðtökubeiðninni.
2. Sú frumskylda að ræða við viðkomandi einstakling hvílir á herðum fulltrúa viðkomandi miðlægs, lögbærs stjórnvalds í sendiráði eða ræðisskrifstofu ríkis samningsaðilans, sem beiðni er beint til, sem er staðsett í ríki samningsaðilans, sem leggur fram beiðni.
3. Ef enginn fulltrúi viðkomandi miðlægs, lögbærs stjórnvalds, er um getur í 2. mgr. þessarar greinar, er til staðar, skulu starfsmenn viðkomandi sendiráðs eða ræðisskrifstofu ríkis samningsaðilans, sem beiðni er beint til, sem er staðsett í ríki samningsaðilans sem leggur fram beiðni, taka viðtalið.
4. Miðlægt, lögbært stjórnvald samningsaðilans, sem beiðni er beint til, skal upplýsa miðlægt, lögbært stjórnvald samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, um niðurstöðu viðtalsins eins fljótt og aðstæður frekast leyfa, en í síðasta lagi innan 10 almanaksdaga frá þeim degi þegar beiðni um endurviðtöku, sem inniheldur beiðni um viðtal, er veitt viðtaka. Frestur til að svara fyrrnefndri endurviðtökubeiðni byrjar að líða þann dag þegar viðkomandi miðlægt, lögbært stjórnvald samningsaðilans, sem beiðni er beint til, sendir upplýsingar um niðurstöðu viðtalsins.
5. Ef niðurstaða viðtalsins og mat endurviðtökubeiðinnar leiða ekki í ljós ríkisfang einstaklings, sem taka á við aftur, í ríki samningsaðilans, sem beiðni er beint til, eða geti sá einstaklingur sem taka á við aftur ekki komið í viðtalið og hafi lögbær stjórnvöld samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, ekki tilkynnt sendiráði eða ræðisskrifstofu ríkis samningsaðilans, sem beiðni er beint til, um það skriflega, er þeirri beiðni um endurviðtöku sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar hafnað án frekari umfjöllunar samkvæmt ákvæðum 12. gr. samningsins.

5. gr.

Beiðni um gegnumferð lögð fram og svar við þeirri beiðni.

1. Miðlægt, lögbært stjórnvald samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, skal senda miðlægu, lögbæru stjórnvaldi samningsaðilans, sem beiðni er beint til, beiðni um gegnumferð í pósti eða með boðbera, eigi síðar en 15 virkum dögum fyrir fyrirhugað gegnumferð.
2. Lögbært stjórnvald samningsaðilans, sem beiðni er beint til, skal senda lögbæru stjórnvaldi samningsaðilans, sem leggur fram beiðni beiðni, svar við beiðninni um gegnumferð í pósti eða með boðbera og samtímis eftir tæknilegum leiðum til upplýsingasendinga eins fljótt og aðstæður frekast leyfa, en eigi síðar en 5 virkum dögum fyrir fyrirhugaða gegnumferð.

6. gr.

Ferli endurviðtöku og gegnumferðar.

1. Samningsaðilarnir ákvarða eftirfarandi landamærastöðvar vegna endurviðtöku og gegnumferðar: að því er rússneska samningsaðilann varðar: á öllum alþjóðaflugvöllum í Rússneska sambandsríkinu, að því er íslenska samningsaðilann varðar: á alþjóðaflugvöllum í Keflavík.
2. Samningsaðilarnir skulu upplýsa hvorn annan, án tafar og eftir diplómátskum leiðum, um allar breytingar sem verða á þeim landamærastöðvum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Viðkomandi lögbær stjórnvöld samningsaðilanna skulu koma sér saman um dagsetningu, tíma, landamærastöð og flutningsmáta þess einstaklings sem taka á við aftur og fyrirkomulag gegnumferðar í hverju einstöku tilviki um sig.

7. gr.

Fylgd einstaklinga sem taka á við aftur eða flytja.

1. Sé fylgd nauðsynleg vegna endurviðtöku eða gegnumferðar viðkomandi einstaklings, skal miðlægt, lögbært stjórnvald samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, láta eftirfarandi upplýsingar um fylgdarmenn í té: eiginnöfn, kenninöfn og opinbera titla fylgdarmannanna, gerð, númer og útgáfudag vegabréfa, flugnúmer, dagsetningu komu og brottfarar og komu- og brottfarartíma. Tilgreina ber þessar upplýsingar, ef því verður komið við, í málsgrein „D“ í beiðninni um endurviðtöku eða beiðninni um gegnumferð, þ.e. upplýsingar, sem eru teknar saman í því formi sem er sett fram í 1. og 6. viðauka við samninginn, og senda þær miðlægu, lögbæru stjórnvaldi samningsaðilans, sem beiðni er beint til, fyrir fram.
2. Verði breytingar á þeim upplýsingum sem varða þá fylgdarmenn er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal miðlægt, lögbært stjórnvald samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, tilkynna hinu miðlæga, lögbæra stjórnvaldi samningsaðilans, sem beiðni er beint til, án tafar um þær breytingar.
3. Fylgdarmönnum ber skylda til að fara að lögum ríkis samningsaðilans, sem beiðni er beint til, meðan á dvöl þeirra stendur á yferráðasvæði þess.
4. Fylgdarmennirnir skulu klæddir borgaralegum fötum og hafa meðferðis gild vegabréf og skjöl sem færa sönnur á alhliða samkomulag að því er varðar endurviðtöku eða gegnumferð.
5. Fylgdarmönnum er óheimilt að bera vopn og aðra hluti sem eru ekki leyfðir eða eru leyfðir með einhverjum löglegum takmörkunum á yferráðasvæði ríkis samningsaðilans sem beiðni er beint til.
6. Viðkomandi lögbær stjórnvöld samningsaðilanna skulu vinna saman að öllum þeim málum sem varða dvöl fylgdarmannanna á yferráðasvæði ríkis samningsaðilans sem beiðni er beint til. Viðkomandi lögbær stjórnvöld samningsaðilans, sem beiðni er beint til, skulu veita fylgdarmönnum hugsanlega aðstoð ef nauðsyn krefur.

8. gr.

Kostnaður.

Samningsaðilinn, sem leggur fram beiðni, skal bera þann kostnað sem lagt er í vegna endurviðtöku eða gegnumferðar í samræmi við ákvæði 16. gr. samningsins og skal sá kostnaður endurgreiddur í evrum innan 30 almanaksdaga eftir að skjöl, sem sýna fram á þann kostnað, eru lögð fram.

9. gr.

Tungumál.

1. Skjölin, sem kveðið er á um í 3. gr. þessarar bókunar um framkvæmd og í III. og IV. þætti samningsins því viðvíkjandi að beita ákvæðum þessarar bókunar um framkvæmd, skulu send af hálfu: rússneska samningsaðilans – á rússnesku, íslensku eða ensku, ef rússneska er notuð skal fylgja þýðing yfir á íslensku eða ensku, af hálfu íslenska samningsaðilans – á íslensku eða rússnesku eða ensku, ef íslenska er notuð skal fylgja þýðing yfir á rússnesku eða ensku.
2. Samráðsfundir viðkomandi lögbærra stjórnvalda samningsaðilanna um beitingu ákvæða þessarar bókunar um framkvæmd skulu fara fram á ensku, nema samningsaðilarnir komi sér saman um annað í hverju tilviki fyrir sig.

10. gr.

Breyting.

Samningsaðilarnir geta, með gagnkvæmu samþykki, gert breytingar á þessari bókun um framkvæmd.

11. gr.

Gildistaka og slit.

1. Samningsaðilarnir skulu tilkynna hvor öðrum, eftir diplómatískum leiðum og skriflega, að nauðsynlegri innlendri málsmeðferð til þess að þessi bókun um framkvæmd öðlist gildi, sé lokið.
2. Þessi bókun um framkvæmd öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag þegar síðari skriflegu tilkynningunni, þess efnis að samningsaðilarnir hafi lokið innlendri málsmeðferð hvors um sig sem er nauðsynleg til þess að hún geti öðlast gildi, er veitt viðtaka eftir diplómatískum leiðum.
3. Þessi bókun um framkvæmd fellur úr gildi samtímis samningnum.

GJÖRT í tvíriti í Moskvu hinn 5. apríl 2016 þar sem hvert eintak um sig er á rússnesku, íslensku og ensku og eru allir textar jafngildir. Rísi ágreiningur um túlkun skal enski textinn notaður.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Íslands

Albert Jónsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Rússneska sambandsríkisins

Nikolay Matveevich Smorodin

IMPLEMENTING PROTOCOL

between the Government of Iceland and the Government of the Russian Federation
on the implementation of the Agreement
between the Government of Iceland and the Government of the Russian Federation
on readmission of 23 September 2008

The Government of Iceland and the Government of the Russian Federation hereinafter referred to as the “Parties”,

desiring to establish the necessary conditions for the implementation of the Agreement between the Government of Iceland and the Government of the Russian Federation on readmission of 23 September 2008, hereinafter referred to as the “Agreement”,

have agreed as follows:

Article 1

Competent Authorities

1. The competent authorities responsible for the implementation of the Agreement are:
for the Russian Party:
central competent authority – Federal Migration Service;
competent authorities:
Ministry of Foreign Affairs of the Russian Federation and
Federal Security Service of the Russian Federation,
for the Icelandic Party:
central competent authority – National Commissioner of Police, International Department;
competent authority – Icelandic Directorate of Immigration.
2. The Parties shall immediately notify each other through diplomatic channels of any changes of competent authorities referred to in paragraph 1 of this Article.
3. For the implementation of the provisions of the Agreement and of this Implementing Protocol the central competent authorities shall directly co-operate with each other.
4. For the implementation of this Implementing Protocol the central competent authorities shall notify each other through diplomatic channels of their contact data within 30 calendar days from the date of the signing of this Implementing Protocol.
Further the central competent authorities shall notify each other immediately directly in written form of any changes in the contact data.

Article 2

Submission of the readmission application and reply thereto

1. A readmission application, compiled pursuant to Article 7 of the Agreement, shall be submitted by the central competent authority of the requesting Party to the central competent authority of the requested Party within the time limits indicated in the Article 11 (1) of the Agreement by mail or courier.
2. A reply to the readmission application shall be submitted by the central competent authority of the requested Party to the central competent authority of the requesting Party by mail or courier and simultaneously by technical means of information transmission in time limits indicated in the Article 11 (2) of the Agreement.

Article 3

Other documents

1. If the requesting Party considers that other documents not listed in Annexes 2 to 5 to the Agreement may be essential for establishing the nationality of the person to be readmitted or for establishing grounds for readmission of third country nationals or stateless persons, then such

documents may be attached to the readmission application submitted to the central competent authority of the requested Party.

2. The requested Party has the right to decide whether the documents referred to in paragraph 1 of this Article may be taken into consideration in processing the readmission application.

Article 4

Interview

1. In case the requesting Party is unable to present any of documents listed in Annexes 2 and 3 to the Agreement, the requested Party shall interview the person to be readmitted upon the request indicated in paragraph "D" of the readmission application.
2. The primary duty for interview implementation is laid on the representatives of the central competent authority at the diplomatic mission or consular post of the State of the requested Party in the State of the requesting Party.
3. In case there is no representative of the central competent authority referred to in paragraph 2 of this Article the interview shall be carried out by the employees of the diplomatic mission or consular post of the State of the requested Party in the State of the requesting Party.
4. The central competent authority of the requested Party shall inform the central competent authority of the requesting Party of the results of the interview within the shortest possible time period, but not later than within 10 calendar days from the date of the receipt of the readmission application containing the request for an interview. The time limits for the reply to such a readmission application shall begin to run on the date of sending information of the interview results by the central competent authority of the requested Party.
5. If by the results of the interview and the assessment of the readmission application the nationality of the State of the requested Party of the person to be readmitted was not proved, or if the person to be readmitted cannot be present for the interview, and the competent authorities of the requesting Party did not notify in written form about it to the diplomatic mission or the consular post of the State of the requested Party, the readmission application, specified in paragraph 4 of this Article, is refused without further consideration, according to Article 12 of the Agreement.

Article 5

Submission of the transit application and reply thereto

1. A transit application shall be sent by the central competent authority of the requesting Party to the central competent authority of the requested Party by mail or courier not later than 15 working days before the planned transit.
2. A reply to the transit application shall be sent by the competent authority of the requested Party to the competent authority of the requesting Party by mail or courier and simultaneously by technical means of information transmission within the shortest possible time period but not later than 5 working days before the planned transit.

Article 6

Readmission and transit procedure

1. For the purposes of readmission and transit the Parties identify the following border crossing points:
for the Russian Party: at all international airports within the territory of the Russian Federation;
for the Icelandic Party: at Keflavik International Airport.
2. The Parties shall immediately inform each other through diplomatic channels of any change of the border crossing points provided in paragraph 1 of this Article.
3. The date, time, border crossing point and mode of the transfer of the person to be readmitted and also the modalities of the transit shall be agreed between the competent authorities of the Parties in each concrete case separately.

Article 7

Escorting of persons to be readmitted or transferred

1. If escorting is needed for readmission or transit of the person, the central competent authority of the requesting Party shall provide the following information about the escorts: first names, surnames and official titles of the escorts, type, number and date of issue of passports, flight numbers, date and time of arrival and departure. This information shall be specified, if possible, in paragraph "D" of the readmission application or transit application compiled in accordance with the form set in Annexes 1 and 6 to the Agreement and shall be submitted to the central competent authority of the requested Party in advance.
2. In case there are any changes in the data concerning the members of escort, referred to in paragraph 1 of this Article, the central competent authority of the requesting Party shall immediately notify the central competent authority of the requested Party of these changes.
3. The members of escort during their stay in the territory of the State of the requested Party shall be obliged to obey the legislation of the State of the requested Party.
4. The members of escort shall be in civilian clothes and carry valid passports as well as documents to be proof of complete understanding as to readmission or transit.
5. The members of escort may not bear weapons and any other items which are not allowed or allowed with some legal restrictions in the territory of the State of the requested Party.
6. The competent authorities of the Parties shall co-operate with each other on all the issues related to the stay of the members of escort in the territory of the State of the requested Party. The competent authorities of the requested Party shall provide the members of escort with possible assistance if necessary.

Article 8

Costs

The readmission or transit costs incurred by the requested Party shall be borne by the requesting Party in accordance with the Article 16 of the Agreement and reimbursed in euro within 30 calendar days upon the submission of the documents proving the costs.

Article 9

Language

1. For the implementation of the provisions of this Implementing Protocol the documents provided for in Article 3 of this Implementing Protocol as well as in sections III and IV of the Agreement shall be sent by:
The Russian Party – in the Russian or Icelandic or English language. If the Russian language is used, a translation into Icelandic or English shall be appended.
The Icelandic Party - in the Icelandic or Russian or English language. If the Icelandic language is used, a translation into Russian or English shall be appended.
2. Consultations of the competent authorities of the Parties concerning the implementation of this Implementing Protocol shall be held in English, unless the Parties agree otherwise on a case by case basis.

Article 10

Amendment

The Parties may, upon mutual consent, make amendments to this Implementing Protocol.

Article 11

Entry into force and termination

1. The Parties shall notify each other through diplomatic channels in written form that their internal procedures required for entry into force of this Implementing Protocol have been completed.
2. This Implementing Protocol shall enter into force in 30 days from the date of receiving through diplomatic channels of last written notification that the Parties have completed their respective internal procedures necessary for its entry into force.

3. This Implementing Protocol shall be terminated at the same time as the Agreement.

Done in Moscow on 5 April 2016 in duplicate each in the Russian, Icelandic and English languages, all texts being equally authentic. In case of divergence of interpretation of this Implementing Protocol the English text shall be used.

For the Government
of Iceland

Albert Jónsson

For the Government
of the Russian Federation

Nikolay Matveevich Smorodin

C-deild – Útgáfud.: 18. október 2022